

Fundargerð 2007-01 --- 2. febrúar 2007

Dagsetning:

Fri, 02/02/2007

Viðstödd voru : Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsdóttir og Helga Björg Arnardóttir.

Rætt var:

- Fundur Nomu í Kaupmannahöfn í mars. Ákveðið var að Kári fari út og sitji fundinn.
- Landsmót. Höfn í Hornafirði. Dagsetningin sem er komin er 12-14 október og er hún birt með fyrirvara um breytingar. Þar erum við að blása til móts fyrir A og B hljómsveitir.
- C-D mót. Stjórnin veltir fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að halda eitt sameiginlegt mót fyrir þær. Tímasetning þess verður tilkynnt síðar.
- Nótnaútgáfa. Þrjú stykki eru tilbúin til útgáfu og verða þau sett í prent innan bráðar.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

ritari

Fundargerð 2007-02 --- 20. febrúar

Dagsetning:

Tue, 20/02/2007

Stjórnarfundur SÍSL.

Haldinn þriðjudaginn 20. febrúar 2007, í Tónlistarskólanum í Keflavík.

Viðstödd voru: Kári H. Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót. Farið yfir dagskrá og punkta fyrir komandi landsmót, vegna fundar SÍSL stjórnar við aðstandendur landsmótsins á Höfn. Nokkrar hugmyndir ræddar varðandi í hvaða vinnu væri hægt að fara með krakkana. Sú hugmynd kom að setja af stað úrvalssveit B hljómsveita og að hún hittist áður og vinni smá verkefni sem hún flytji á mótinu. Kannski það sé góð hugmynd til þess að vekja áhuga yngri nemendanna á vinnu hljómsveitarinnar. Dagsetning landsmótsins verður 12.-14. október.

Ársgjöld. Farið verður af stað með það að rukka ársgjöld fyrir skólaárið 2006-2007.

Landsmót eldri sveita. Spjallað var um að halda mót fyrir eldri sveitirnar í febrúar/mars 2008.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Dagskrá landmóts Höfn -fyrsta uppkast-

Föstudagur

Skráning og kvöldmatur

Fyrsta æfing

Setning Landsmóts (hugmynd um að vera búin að setja á stofn úrvalssveit yngstu krakkanna og að hún spili á setningu mótsins)

Laugardagur

Morgunmatur

Æfing

Hádegismatur

Skoðunarferð/skemmtiferð

Æfing

Kvöldmatur

Skemmtun/Ball

Sunnudagur

Morgunmatur
Tónleikar
Mótsslit
Hádegismatur
Heimferð

Fundargerð 2007-03 --- 6. mars 2007

Dagsetning:

Tue, 06/03/2007

Stjórnarfundur SÍSL, 6. mars 2007.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Ferð Kára og Karenar til Hafnar í Hornafirði. Farið yfir aðstæður og rætt hentugustu útfærslur á gistingu og mataraðstöðu. Fleiri atriði varðandi boli á hljómsveitirnar, fána, merki og armbönd rædd.

Skrifað var bréf sem sent verður til allra meðlima SÍSL. Þar er talið upp upplýsingar um komandi landsmót og fleira.

Farið yfir dagskrá fyrirhugaðs NOMU fundar sem Kári fer á helgina 9. - 11. mars.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir

Ritari.

Fundargerð 2007-04 --- 27. mars 2007

Dagsetning:

Tue, 27/03/2007

Stjórnarfundur SÍSL, 27.mars 2007

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Farið yfir félagalista SÍSL fyrir innheimtu ársgjalda SÍSL.

Kári gerði grein fyrir ferð sinni til Danmerkur á fund NOMU. Þar kom það greinilega í ljós að við erum svolítið sér á báti varðandi rekstur á samtökum okkar héraendis, þar sem við erum öll að vinna þetta á sjálfbærliða-grundvelli. Til þess að sinna öllu þessu starfi sem er upp á að bjóða þyrfti að vera með einhvern sem heldi utan um þetta fyrir okkur samtökin. Mikið og fjölbreytt starf er í gangi sem við nýtum okkur lítið en þyrftum að komast betur inn í og nota, þar sem mikið skemmtilegt er í gangi, bæði fyrir hljómsveitir og stjórnendur.

Landsmót. Efst á lista er að kanna með matartilboð fyrir mótshelgi. Hugmyndir um dagsetningu á móti fyrir eldri sveitir ræddar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-05 --- 17. apríl 2007

Dagsetning:

Tue, 17/04/2007

Stjórnarfundur SÍSL, þriðjudaginn 17. apríl 2007.

Mætt voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Fyrsta mál á dagskrá var að fara í mál heimasíðunnar. Færa þarf lénið og gengið var frá þeim málum.

Dagur lúðrasveitanna. Starfsmaður menningardaganna Bjartra daga, í Hafnarfirði, hafði samband við okkur og vildi heyra okkar afstöðu til málsins. Við skrifuðum henni til baka og drógum okkur út úr málinu í ár þar sem þáttakan í fyrr var mjög slæm. Það þarf að finna þessum degi betri tíma þannig að betur megi fara.

Ákveðinn var lokafrestur á tilkynningar fyrir þáttöku á landsmótið næsta haust. 15. maí er lokadagsetning. Bréf var sent til meðlima SÍSL.

Ekki fleira rætt og fundi slitið,
Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-06 --- 8. maí 2007

Dagsetning:

Tue, 08/05/2007

Stjórnarfundur SÍSL, þriðjudaginn 8. maí 2007.

Viðstödd voru Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Hugmynd kom um að vera með ný lög eða útsetningar sem sveitirnar á mótinu á Höfn myndu frumflytja. Er stjórnin með hugmyndir að tveimur til þremur stykkjum þannig að það þyrfti að fá eitt stykku í viðbót.

Farið yfir hvað þarf að klára vegna undirbúnings vegna landsmóts. Fara þarf í hönnun merkis eða medalíu og lógó á boli. Gengið var úr skugga að gistiþláss og æfingaaðstaða sé komin á hreint. Ákveðið var að fara út í það að búa til eigulegan grip sem að hver skóli getur tekið með sér heim og sett upp til minningar um þáttöku á mótinu.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-07 --- 11. júní

Dagsetning:

Mon, 11/06/2007

Stjórnarfundur SÍSL, Hafnarfirði 11. júní.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót Höfn.

Farið var yfir þær umsóknir sem höfðu þegar borist fyrir landsmót. Fjöldinn stendur nú í um það bil 170 krökkum. Skemmtunin á föstudagskvöldinu er nánast frágengin en enn á eftir að finna út viðeigandi hljómsveit fyrir laugardagskvöldið.

Ræddir voru möguleikar á einstaklingi til þess að vinna með slagverksfólkinu. Velja þarf einnig stjórnendur til þess að vinna með regnbogasveitirnar. Verkum verður dreift þegar nær dregur.

Skemmtiferðina þarf að útfæra en hugmynd er komin um það keyra út á sand sem er rétt fyrir utan bæinn. Þar er margt skemmtilegt hægt að gera.

Haft var samband við útsetjara til þess að útsetja eitthvert fínt lag fyrir mótið. Þá erum við komin með nýja útsetningu fyrir allar hljómsveitirnar. Það fer í prentun í lok ágúst.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Dagskrá landmóts Höfn -annað uppkast-

Föstudagur Skráning og kvöldmatur

Fyrsta æfing

Setning Landsmóts (hugmynd um að vera búin að setja á stofn úrvalssveit yngstu krakkanna og að hún spili á setningu mótsins)

Laugardagur Morgunmatur

Æfing

Hádegismatur

Skoðunarferð/skemmtiferð

Æfing /bolum dreift

Kvöldmatur

Skemmtun/Ball

Sunnudagur Morgunmatur

Tónleikar

Mótsslit

Hádegismatur

Heimferð

Fundargerð 2007-08 --- 21. ágúst

Dagsetning:

Tue, 21/08/2007

Stjórnarfundur SÍSL 21. ágúst 2007.

Haldinn í Reykjanesbæ.

Mætt voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót á Höfn. Farið var yfir þá sem tilkynnt hafa þátttöku á mótinu. Stendur talan nú í 450 þáttakendum. Unnið var í dagskrá mótsins og kostnaðarliðir ræddir. Enn eru ekki allar tölur komnar en svo virðist sem verð á mann verði í kring um 7.500 kr. Þetta er ekki endanlegt verð, það kemur fljótlega. Val á stjórnendum til þess að sjá um sveitirnar rætt og verður kannað hvort ætti ekki að hafa tvo stjórnendur á hverja sveit. Farið var yfir val á verkefnum og ákveðið að hafa þau að hluta til í höndum þeirra stjórnenda sem veljast á sveitirnar og einni verða fengin ný stykki fyrir hverja sveit til þess að spila.

NoMu fundur í september.

Vilborg Jónsdóttir fer fyrir hönd SÍL og SÍSL á fund NoMu að þessu sinni.

Ekki fleira rætt að þessu sinni og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-09 --- 9. september 2007

Dagsetning:

Sun, 09/09/2007

Stjórnarfundur SÍSL. 9. september 2007.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Unnið var í dagskrá landsmótsins. Skipulagsatriði rædd, matur, æfingaaðstaða og kvöldvökur. Skipting stjórnenda á hljómsveitir var skoðuð nánar. Skrifað var dreyfibréf sem sent var út til meðlima SÍSL, sem veitti nokkrar upplýsingar um það sem komið er á hreint um mótið.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-10 --- 19. september 2007

Dagsetning:

Wed, 19/09/2007

Stjórnarfundur SÍSL. 19. september 2007.

Mætt voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót. Farið í að klára niðurröðun stjórnenda á hljómsveitir. Útsetningarnar eru tilbúnar fyrir allar fjórar hljómsveitirnar. Unnið í að raða í hljómsveitir, eftir þeim upplýsingum sem komnar eru frá stjórnendum. Ekki var unnt að klára dagskrána þar sem upplýsingar enn hafa ekki borist nákvæmari tölur frá hljómsveitunum. Við þökkum þó þeim sem svarað hafa.

Sendar verða upplýsingar sem frekar skýra dagskrá mjög fljótlega.

Ekki fleira rætt og fundið slitið,

Helga Björg Arnardóttir, ritari

Fundargerð 2007-11 --- 10. október 2007

Dagsetning:

Wed, 10/10/2007

Stjórnarfundur SÍSL, Seltjarnarnesi 10. október 2007.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót.

Unnið í að klára prentunina á útsetningunum sem verða frumflutt á mótinu. Vonumst til þess að það verði tilbúið fyrir landsmótið, þannig að það verði hægt að afhenda þennan nótnapakka á landsmótinu. Pakkinn kostar 12.000 kr. Innihald pakkans eru 7 útsetningar og 1 frumsamið verk. Sendur verður út reikningur eftir landsmótið. Þeir sem mæta ekki á landsmótið fá pakkann sendan til sín í póströfu.

Farið í að ganga frá slagverksmálum fyrir hljómsveitirnar. Búið er að fá upplýsingar frá stjórnendum um aukaslagverk og búið er að redda því sem redda þarf.

Farið í að undirbúa kynningarfund stjórnenda á föstudagskvöldið.

Lagður grunnur að bréfi sem sent verður til allra sem verða á mótinu á Höfn. Imprað verður á nokkrum hlutum, svo sem statífum, greiðslufyrirkomulagi og þess háttar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-12 --- 24. október

Dagsetning:

Wed, 24/10/2007

Stjórnarfundur SÍSL,

miðvikudag 24. október 2007 í Reykjanesbæ.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir. Landsmót Höfn í Hornafirði. Stjórnin ánægð með landsmót að flest öllu leiti. Reynt verður að passa betur upp á mat, að hann verði ekki aftur svo einhæfur og grænmetislaus eins og hann var að þessu sinni. Ekki eru allir reikningar sem tengjast mótinu komnir inn, þannig að ekki er hægt að ganga frá stöðu fjármála enn.

Landsmót C sveita í Reykjanesbæ. Áformað er að vera með sama formið á landsmótinu og var á Höfn. Jafnvel breyta lengstkomnu hljómsveitinni í LÆ sveit og fá fyrir hana þá stjórnanda frá Bandaríkjunum, Dan Owens, til þess að vinna með henni. Unnið er í að fá húsnæði fyrir hljómsveitirnar til að æfa í. Dagsetning mótsins verður 15. - 17. febrúar 2008. Það er staðfest dagsetning.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2007-13 --- 5. desember 2007

Dagsetning:

Wed, 05/12/2007

Stjórnarfundur SÍSL,

miðvikudaginn 5. desember 2007. Viðstödd voru. Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Nótnaútgáfa. Rætt var um að undirbúa fleiri lög og útsetningar til útgáfu. Sú hugmynd kom einnig að gefa út verk eftir Pál P. Pálssonar í tilefni af áttæðis afmæli hans, sem hentar hljómsveitum innan samtakanna. Einnig kom upp sú hugmynd að vinna að tónleikum með verkum Páls, í samvinnu með SÍL. Farið verður í að kanna áhuga á því.

Landsmót. Farið yfir hvað hægt verður að gera með krökkunum í Reykjanesbæ.

Borist hefur fyrirspurn frá Eistlandi um hvort lúðrasveit þaðan mætti taka þátt í mótinu. Útskýrt hefur verið hvernig fyrirkomulag mótisins verður en þau eru enn águgasöm. Húsnæðismálin eru að verða tilbúin í Reykjanesbæ. Send verður út tilkynning um hvenær lokfrestur verður til þess að tilkynna þátttöku. Búið er að fá stjórnendur til þess að vinna með hópunum, þá Thom Hannun og Spiros Xydas. Unnið er að fá fleiri stjórnendur til að koma til landsins og takmarkið er að allar sveitirnar fái leiðbeinanda erlendis frá.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.